

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1980–2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. maí 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1980–2000 frá 3. maí 1982, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að verslunarlóð íbúðarsvæðis á Jörundarholti breytist í þrjár íbúðarhúsalóðir.

Bæjarstjórn Akraness tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 18. júní 1992.*

F. h. r.  
**Páll Líndal.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Egilsstaða 1984–2004.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Egilsstaða hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 1. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Egilsstaða 1984–2004, frá 5. nóvember 1985, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

Hætt verður við fyrirhugaða götu vestan undir Hamrinum og nyrðri hluti fyrirhugaðs íbúðarsvæðis vestan Hamarsins tengdur til norðurs við núverandi íbúðarsvæði.

Bæjarstjórn Egilsstaða tekur með samþykkt þann 28. apríl 1992 á sig hugsanlegar skaðabótakröfur sem hljótast kunna af þessari skipulagsbreytingu.

*Umhverfissráðuneytið, 11. júní 1992.*

F. h. r.  
**Þórður H. Ólafsson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*

## REGLUGERÐ

### um sektargerðir lögreglumanna.

1. gr.

Lögreglumenn hafa heimild til að sekta vegfarendur, sem gerst hafa sekir um brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda megi telja, að refsing fyrir brotið muni ekki fara fram úr kr. 7.500. Sama gildir um brot á ákvæðum lögreglusamþykktá.

## 2. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt 1. gr. nær til. Í skránni skal tilgreind sektarfjárhæð fyrir hverja tegund brots. Sökunautur skal eiga þess kost að kynna sér skrána, þegar hann greiðir sekt. Prenta má skrána eða hluta af henni á tilkynningareyðublað, sbr. 3. gr.

## 3. gr.

Þegar lögreglumaður verður þess áskynja, að vegfarandi hafi framið brot samkvæmt 1. gr. og hann ákveður að nota heimild sína til sektargerðar, skal hann afhenda sakborningi eða festa á ökutæki hans tilkynningu um brot. Á tilkynningareyðublaðinu skal koma fram í stuttu máli lýsing á broti, hvenær það var framið, hvaða refsíákvæði brot varðar við og sakborningi greint frá því að hann eigi þess kost að ljúka málinu með greiðslu tiltekinnar sektar þegar í stað eða á skrifstofu lögreglustjóra innan viku.

Greiði sakborningur ekki sekt innan þess tíma er heimilt að ítreka sektarboð og framlengja frestinn um tvær vikur. Fallist sökunautur á þessi málalok og greiði sektina fellur málsókn niður. Að öðrum kosti fellur ákvörðun lögreglumanns úr gildi og tekur þá lögreglustjóri ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

## 4. gr.

Fallist sakborningur á sektargerð lögreglumanns, undirritar hann tilkynningareyðublaðið með nafni sínu og afhendir það lögreglumanni eða á skrifstofu lögreglustjóra ásamt sektargreiðslu.

## 5. gr.

Dómsmálaráðuneyti lætur lögreglustjórum í té tilkynningareyðublöð samkvæmt 3. gr. Skulu þau vera tölusett í framhaldandi númeraröð.

## 6. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir eyðublöð sem afhent eru lögreglumönnum.

Sektargerðir lögreglumanna skulu færðar í kæruskrá. Þar skal koma fram nafn, kennitala og heimilisfang kærða eða númer ökutækis ef kærði er ekki þekktur, dagsetning og númer ákvörðunar, síðasti greiðsludagur samkvæmt ákvörðun eða ítrekun og niðurstaða máls.

## 7. gr.

Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sekt eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá, innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau, fellt gerðina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

## 8. gr.

Sektargerðir samkvæmt reglugerð þessari skulu ekki færðar í sakaskrá ríkisins.

## 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. og 5. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um sektargerðir lögreglumanna nr. 816 30. desember 1983.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. júní 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þorsteinn A. Jónsson.*